

Ríkiskaup
B/t Indriða Waage
Ref.no.: 21366
Borgartún 7c, 105 Reykjavík

Kópavogur, 12. febrúar 2021

Yfirlýsing um áhuga á hlutverki söluráðgjafa í tengslum við frumútboð hluta í Íslandsbanka

Íslensk verðbréf hf. lýsa hér með yfir áhuga á því að taka að sér hlutverk söluráðgjafa í tengslum við alþjóðlegt frumútboð á eignarhlutum í Íslandsbanka.

Nafn ráðgjafa: Íslensk verðbréf hf. kt. 610587-1519
Heimilisfang: Hvannavellir 14, 600 Akureyri / Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur
Símanúmer: 460-4700
Netföng: iv@iv.is; jonhelgi@iv.is
Tengiliður: Jón Helgi Pétursson, aðstoðarforstjóri Íslenskra verðbréfa hf.

Hæfni og reynsla Íslenskra verðbréfa hf. sem söluráðgjafa:

Íslensk verðbréf hf. sameinuðust Viðskiptahúsinu ehf. árið 2019. Viðskiptahúsið var sérhæft í samrunum og yfirtökum félaga, sérstaklega í sjávarútvegi. Miklar áherslubreytingar urðu í kjölfarið sameiningarinnar og sett var á fót sérstök Fyrirtækjaráðgjöf hjá Íslenskum verðbréfum og Markaðsviðskipti félagsins eflað enn frekar. Fyrirtækjaráðgjöf innan ÍV á sér því stutta sögu, en þeir aðila sem starfa hjá Fyrirtækjaráðgjafar eru reynslumiklir. Enn fremur þá hafa Markaðsviðskipti ÍV verið eflað með ráðningu tveggja mjög reynslumikilla aðila eftir sameininguna.

Íslensk verðbréf hafa gert samstarfssamning við KEVA Capital varðandi fyrirtækjaráðgjöf.

Liður B í excelskjalinu sýnir heildarfjölda og stærð kaupa og sölu sem starfsmenn Fyrirtækjaráðgjafar og Markaðsviðskipta ÍV hafa séð um og komið að. Ítarlegri sundurliðun er að finna í Viðauka B.

Stuttar ferilskrár lykilstarfsmanna sem munu leiða verkefnið:

Jóhann M. Ólafsson, forstjóri ÍV:

25 ára reynsla af sjávarútvegi og verðbréfamarkaði. Yfirgripsmikil þekking á sjávarútvegi og fjármálum sjávarútvegs. Hefur starfað sem framkvæmdastjóri útgerðarfélaganna og fiskvinnslu. Mikil þekking á verðbréfamarkaði. Starfaði um árabil sem framkvæmdastjóri verðbréfamiðlunar. Rekstrar- og útgerðatæknir frá Tækniskóla Íslands (1991), Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali (2002), nám í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst ásamt námi í verðbréfamiðlun (2002). Stofnaði Viðskiptahúsið ehf. árið 1999 og hefur leitt samruna og yfirtökur á nokkrum tugum félaga í sjávarútvegi og tengdum greinum.

Sigurður Atli Jónsson, formaður stjórnar ÍV:

25 ára reynsla af fjármálamarkaði. Forstjóri Kviku banka 2011-17. Leiddi sameiningu MP banka og Kviku. Forstjóri Landsbréfa 1999-2004. Forstjóri Alfa verðbréfa 2004-2011. Stjórnarseta: Arctic Green Energy Corp. varaformaður, Sinopec Green Energy Geothermal Development, ILTA investments. Meistaragráða í hagfræði frá Queen's University í Kanada (1994) og B.Sc. gráða í hagfræði frá HÍ (1992).

Jón Helgi Pétursson, aðstoðarforstjóri ÍV

19 ára reynsla af fjármálamarkaði. Framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf. frá 2017 og forstöðumaður rekstrarsviðs frá 2016. Framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf. frá 2005-2016. Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Höfðhverfinga frá 2000-2005. Sat í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps í 3 kjörtímabil og á vegum þess í nokkrum stjórnnum og nefndum. Situr í stjórn íþróttafélagsins Magna og golfklúbbsins Hvamms. MBA frá The University of Hull í Englandi (1998), B.Sc. í rekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri (1997) og stúdentspróf frá MA (1994). Próf í verðbréfaviðskiptum (2001)

Hjörvar Maronsson, forstöðumaður Markaðsviðskipta ÍV:

Hjörvar er viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri. Hann býr yfir 14 ára reynslu á fjármálamarkaði, m.a í eignastýringu og markaðsviðskiptum. Hjörvar hefur komið að fjármögnun og sölu á fjölmörgum fasteignaverkefnum og hefur mikla reynslu af miðlun innlendra og erlendra verðbréfa.

Leó Hauksson, sérfræðingur hjá Markaðsviðskiptum ÍV:

Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur staðist bæði próf í verðbréfaviðskiptum og hæfismat FME á lykilstarfsmönnum fjármálafyrirtækja. Leó hefur yfir 22 ára reynslu á fjármálamarkaði, m.a. í Markaðsviðskiptum og Fyrirtækjaráðgjöf og hefur yfirgripsmikla þekkingu á fjármálamarkaðnum, auk þess að hafa framúrskarandi langtíma viðskiptasamband við alla helstu fjárfesta á Íslandi. Leó hefur komið að fjölda frumskráninga hlutafjár og hlutafjárukninga í kauphöll, meðal annars frumskráningu Eimskipafélags Íslands hf., árið 2012. Auk þess hefur Leó komið að mörgum skuldabréfaútgáfum, meðal annars fyrstu útgáfu sértryggðra skuldabréfa banka á Íslandi, útgefnum af Íslandsbanka.

Unnar Hermannsson, sérfræðingur hjá Markaðsviðskiptum ÍV:

Unnar Hermannsson starfar í Markaðsviðskiptum ÍV. Hann er með MSc. í alþjóðaviðskiptum frá London School of Economics og með próf í verðbréfamíðlun. Unnar er með yfir 20 ára reynslu af störfum á fjármálamarkaði og hefur mikla þekkingu á innlendum, jafnt sem, alþjóðlegum verðbréfamörkuðum. Hann starfaði áður við Markaðsviðskipti og Fyrirtækjaráðgjöf hjá KPMG, Kaupþingi banka hf. og Arion banka hf. Auk þess hefur Unnar setið í stjórnnum um árabil, meðal annars hjá Lífsverki lífeyrissjóð. Unnar hefur sterk tengsl við íslenska og erlenda fjárfesta.

Björgvin Gestsson, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar ÍV:

Mikil reynsla úr alþjóðlegum viðskiptum í sjávarútvegi og hefur starfað víða um heim á þeim vettvangi, bæði í eigin rekstri og fyrir aðra. Á 20 ára tímabili hefur hann byggt upp víðtækt tengslanet í sjávarútvegi og annarri hafsækinni starfsemi og komið að stjórnunarstörfum sem tengjast veiðum, fiskvinnslu, fiskeldi og markaðssetningu sjávarfangs. Í dag er Björgvin stjórnarformaður Sjóttækni ehf. sem er eitt framsæknasta fyrirtæki á Íslandi á sviði þjónustu við fiskeldisfyrirtæki. Björgvin er sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri og hefur lokið Global Executive MBA námi við IE Business School í Madrid.

Guðni Halldórsson, sérfræðingur hjá Fyrirtækjaráðgjöf ÍV:

Guðni er fæddur árið 1973 og hóf störf hjá ÍV í febrúar 2020. Hann er viðskiptalögfræðingur frá Háskólanum á Bifröst frá árinu 2005. Guðni hefur starfað við fyrirtækjaráðgjöf í 17 ár m.a. hjá Kontakt fyrirtækjaráðgjöf og í fyrirtækjaráðgjöf SPRON áður en hann hóf störf hjá ÍV. Guðni hefur á ferli sínum í fyrirtækjaráðgjöf komið að og stýrt fjölda samruna og kaupa á óskráðum félögum af öllum stærðargráðum. Guðni er einnig formaður Landssamtaka hestamanna (LH).

Klemens Arnarson, sérfræðingur hjá KEVA Capital.

Klemens Arnarson er ráðgjafi hjá KEVA Capital. Hann hefur yfir 20 ára reynslu í verkefnastjórnun tengdum Fyrirtækjaráðgjöf þ.m.t skráningu hlutabréfa og skuldabréfa á markað. Hann starfaði áður í Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., Arion banka hf. og Kviku banka hf. Klemens hefur komið að fjölda stórra viðskipta hér á landi og erlendis. Helsta aðkoma að skráningum er m.a. skráning á Símanum hf. og Reitum hf. Hann hefur setið í fjölda stjórnna, þ.m.t. Reitum, ÖES, Heklu hf. og Invent Farma. Klemens er með BA og MBA í viðskiptafræði. KEVA Capital er með samstarfssamning við Íslensk verðbréf hf. á sviði Fyrirtækjaráðgjafar.

Þór Hauksson, sérfræðingur hjá KEVA Capital.

Þór Hauksson er ráðgjafi hjá KEVA Capital. Hann starfaði áður hjá Burðarási, Framtakssjóði Íslands, Straumi fjárfestingabanka hf. og Kaupþingi banka hf. Þór hefur setið í fjölda stjórnna m.a. Valitor, Vodafone (Sýn), N1, Icelandic Group og Invent Farma. Hann er nú stjórnarformaður Valitor hf. Þór hefur á síðustu 20 árum komið að tuga stórra viðskipta og skráninga í kauphöll hér á landi og erlendis, m.a. Icelandair Group hf., N1 hf., Vodafone, Lykils/TM, Prómens og Invent Farma. Þór er með BA, MA og MBA gráður auk þess að vera með löggildingu í verðbréfamiðlun. KEVA Capital er með samstarfssamning við Íslensk verðbréf hf. á sviði Fyrirtækjaráðgjafar.

Harpa Samúelsdóttir hdl., forstöðumaður lögfræðisviðs og regluvörður.

Fulltrúi hjá LOGOS lögmannsstofu 2010-2018, starfsnám hjá Héraðsdómi Reykjaness 2010. Ýmis lögfræðistörf samhliða námi. Mikil reynsla af löggjöf á fjármálamarkaði (fjármála-fyrirtækja- og verðbréfamarkaðsréttur); félagaréttur; eignaréttur; kröfuréttur; samningaréttur; veðréttur; gjaldþrotaskipta /skuldaskilaréttur; stjórnsluréttur, skipulagsréttur og leyfisveitingarmál gagnvart stjórnvöldum á sviði náttúruverndar og umhverfis- og orkumála. Héraðsdómslögmannsréttindi (2012), ML í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík (2011), stúdentspróf frá Flensborgarskóla (2005)

Gauti Jónasson lögfræðingur.

Gauti er lögfræðingur hjá Íslenskum verðbréfum. Áður starfaði Gauti hjá Lög og Líf, lögmannsstofu sem laganemi með námi. Gauti lauk meistaranámi við lagadeild Háskóla Íslands árið 2020. Hann sérhæfir sig á sviði félagaréttar, fjármálaréttar og fjármálaþjónustu.

Staðfesting á starfsleyfi Íslenskra verðbréfa:

Íslensk verðbréf hf. eru fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Þetta skjal á vef FME sýnir starfsleyfi ÍV og hvert umfang þess er:

https://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Yfirlit-yfir-starfsheimildir_FME_03.03.2020.pdf

Staðfesting á að aðili hafi kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012 og sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka hf.

Það staðfestist hér með.

Samþykki fyrir að birta yfirlýsingu með opinberum hætti:

Það er samþykkt hér með.

Önnur atriði sem mögulegur ráðgjafi telur miklvægt að koma á framfæri:

Íslensk verðbréf eru 34 ára óháð fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við landsbyggðina. Félagið hefur hefur höfuðstöðvar á Akureyri og starfsstöð í Kópavogi. ÍV hefur sterk tengsl við alla stofnanafjórfa á landinu og mjög sterk tengsl við ákveðna hópa fjárfesta umfram marga aðra. Á það sérstaklega við fjárfesta og fjárfestingafélög utan höfuðborgarsvæðisins. Meðal hluthafa ÍV eru margir lífeyrissjóðir auk einkafjárfesta.

ÍV hefur gert samning við KEVA Capital um samstarf á sviði fyrirtækjaráðgjafar. Hjá KEVA starfa Klemens Arnarson og Þór Hauksson sem eru reynslumiklir aðilar á sviði fyrirtækjaráðgjafar.

Íslensk verðbréf hf., ásamt dótturfélagi sínu, ÍV sjóðir hf., sem er rekstrarfélag verðbréfasjóða, eru með yfir 100 milljarða króna í stýringu í fjölbreyttum eignaflokkum.

Íslensk verðbréf hafa sett sér eftirfarandi stefnu varðandi stjórnarhætti:

https://www.iv.is/static/files/stjornarhattayfirlysing_iv2018.pdf

og samfélagslega ábyrgð:

https://www.iv.is/static/files/Reglur-og-skilmalar/20201029_samfelagsleg-abyrgd-iv.pdf